



Nefnd um frístunda- og menningarstarf í Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

4. fundur nefndar um frístunda- og menningarstarf í Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á Borg, föstudaginn 14. nóvember 2025 kl. 11.00.

Fundinn sátu:

Björn Kristinn Pálmarsson

Ása Valdís Árnadóttir

Ragnheiður Eggertsdóttir

Óttar Guðlaugsson, Heilsu- og tómstundafulltrúi

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Óttar Guðlaugsson

1. Yfirferð fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð 3. fundar nefndar um frístunda- og menningarstarf í Grímsnes- og Grafningshreppi var lögð fram.

Nefndin yfirför hana og samþykkti samhljóða, án athugasemda.

2. Niðurstöður íbúakönnunar

Óttar kynnti niðurstöður íbúakönnunar sem lögð var fyrir í júní 2025. Alls bárust 41 svör og var svörunin nokkuð dreifð milli aldurshópa, þó með mesta þátttöku frá íbúum á aldrinum 51–70 ára (51%).

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru eftirfarandi:

Börn og ungmenni: Þátttakendur töldu brýna þörf á fjölbreyttari tómstundastarfi og auknum möguleikum fyrir þennan hóp.

Listir og menning: Áhersla kom fram á aukið framboð á skapandi starfi og menningarviðburðum.

Eldri borgarar: Ákall var eftir bættri félagsaðstöðu fyrir eldri íbúa. **Íþróttaaðstaða:** Þörf var talin á fjölbreyttari íþróttastarfi og bættri aðstöðu til hreyfingar.

Aldurssértækar niðurstöður bentu til þess að íbúar undir 50 ára aldri vildu sjá fjölbreyttari og nútímalegri aðstöðu, á meðan eldri íbúar voru almennt sáttari en óskuðu þó eftir auknu félagsstarfi. Tekið var fram að úrtak könnunarinnar væri of lítið til að teljast tölfræðilega marktækt, en niðurstöðurnar gefi nefndinni engu að síður gagnlegar vísbendingar um sjónarmið og óskir íbúa. Umræður fóru fram um niðurstöður könnunarinnar og nokkrir framtíðarmöguleikar ræddust í kjölfarið.

Nefndin felur heilsu- og tómstundafulltrúa að útbúa drög að minnisblaði með tillögum nefndarinnar byggðum á framkomnum niðurstöðum og umræðum.



Nefnd um frístunda- og menningarstarf í Grímsnes- og Grafningshrepps

3. Önnur mál og næsti fundur

Engin önnur mál voru tekin fyrir. Samþykkt var að næsti fundur verði haldinn miðvikudaginn 3. desember 2025. Fundarboð verður sent út í framhaldinu.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:15.